

Atvinnuveganefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi við Austurvöll
101 Reykjavík



Reykjavík 8. desember 2020

Efni: Umsögn Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarp til laga um ferðagjöf (framlenging gildistíma), 377. mál.

Hinn 7. desember 2020 fengu Samtök ferðaþjónustunnar, SAF til umsagnar frá Alþingi frumvarp til laga um ferðagjöf (framlenging gildistíma). Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á umferðarlögum, nr. 77/2019, með síðari breytingum. Með frumvarpinu er lögð til breyting á lögum um ferðagjöf, nr. 54/2020, þess efnis að gildistími ferðagjafar verði framlengdur um fimm mánuði hvað varðar þær ferðagjafir sem ekki hafa þegar verið nýttar eða nýttar til fulls.

SAF hafa farið yfir efni frumvarpsins og fagna ráðgerðri framlengingu á gildistíma ferðagjafar. Ferðagjöfin hefur verið afar góð búbot fyrir mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu og hvatt Íslendinga til ferðalaga innanlands. Þá hefur ferðagjöfin einnig haft afleidd áhrif og gefið fólki og fyrirtækjum tækifæri á að stunda resktur sem annars hefði verið lokað.

Ferðaábyrgðasjóður

Samtök ferðaþjónustunnar komast ekki hjá því að vísa í lög 111/2020 um breytingu á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Lögin sem lögð voru fram af atvinnuveganefnd á sumarþingstubb lengja í því tímabili sem seljendur pakkaferða gátu sótt um lán frá Ferðaábyrgðarsjóð til 30. september 2020. Lánið var nýtt til að standa við endurgreiðslukröfur gagnvart neytendum samkvæmt lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Ljóst er að takmarkanir til að hefta útbreiðslu Covid 19 munu vera til staðar í einhverri mynd þar til bólusetning hefur skilað tilætluðum árangri. Því verður að bregðast við breyttu ástandi. Af þeim sökum telja SAF rétt að ofangreint ákvæði verði framlengt þar til ferðalög geta hafist á ný óhindrað eða að minnstakosti til 31. desember 2020.

Áætlaðar endurgreiðslukröfur Ferðaábyrgðasjóðs voru í upphafi um 4,5 milljarðar. Í dag standa útgefin skuldabréf í rúmum 3,2 milljörðum. Í nýlegri athugun Samtaka ferðaþjónustunnar á upphæð útstandandi endurgreiðslukrafna kom fram að þær nema um 150 milljónum króna. Það er því nægt svigrúm innan heimilda sjóðsins til framlengingar.

SAF leggja því til eftirfarandi breytingar á lögum um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun, nr. 95/2018, með síðari breytingum (framlenging).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í [lögnum](#):

- a. Í stað dagsetningarinnar „30. september 2020“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 31. desember 2020.
- b. Í stað dagsetningarinnar „1. nóvember 2020“ í 1. málsl. 10. mgr. kemur: 1. febrúar 2021.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma með frekari ábendingar á síðari stigum

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Gunnar Valur Sveinsson